

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2020

Niðurstöður

Hestur, Borgarfirði

Nafn	Númer	Líf-Þungi		Ómmælingar			Kjötmat					Mælingar á skrokkum					
		Aldur	Þungi	Vöðvi	Fita	Lögun	Fall-Þungi	Gerð	Fita	G/F	Kjöt %	Læra- stig	Framp.- stig	Fita J	Vídd V	Dýpt Th	Lögun V/Th
Börkur	17-842	137,8	42,4	31,6	3,4	3,9	17,7	12,5	5,9	2,1	41,8	4,5	4,3	9,2	177,4	266,8	66,5
Glóinn	18-845	140,3	40,3	30,8	2,5	3,8	16,9	11,0	5,0	2,2	42,0	4,2	4,0	7,0	165,2	258,8	63,9
Austri	19-847	136,6	41,1	30,7	2,7	3,8	17,2	11,6	5,0	2,3	41,9	4,3	4,2	8,5	173,1	261,4	66,2
Skúr	19-626	135,2	41,8	29,0	2,6	3,8	17,2	10,7	5,0	2,1	41,1	4,3	4,0	8,2	171,9	263,8	65,2
Skalli	19-627	137,8	43,6	31,2	3,4	3,9	17,9	10,9	6,1	1,8	41,0	4,1	4,2	10,0	177,3	269,0	65,9
Fantur	19-630	136,4	41,1	30,3	2,8	3,8	17,2	12,8	5,6	2,3	41,8	4,5	4,5	8,9	178,4	258,6	69,1
Snáði	19-631	135,8	41,1	30,9	3,1	3,9	16,8	10,8	5,7	1,9	41,0	4,1	4,1	8,6	172,7	261,6	66,0
Karmur	19-633	135,8	40,8	29,8	2,9	3,8	16,8	10,5	5,5	1,9	41,2	4,1	4,1	8,0	169,3	266,4	63,6
Kassi	19-635	135,5	39,7	31,1	2,9	3,9	16,4	10,8	5,2	2,1	41,3	4,3	4,3	8,3	171,8	261,7	65,7
Píll	19-637	135,7	39,6	27,7	2,7	3,4	15,5	8,9	4,8	1,9	39,3	3,7	3,7	7,4	154,4	261,1	59,0
Broddur	19-638	135,4	41,5	30,7	3,1	3,8	17,1	10,4	5,7	1,8	41,2	4,1	4,1	9,7	174,3	261,1	66,8
Klakkur	19-641	136,2	42,4	27,8	2,6	3,4	16,8	9,8	5,3	1,9	39,6	4,0	3,9	6,6	171,9	264,2	65,1
		136,4	41,4	30,2	3,0	3,8	17,0	10,9	5,5	2,0	41,1	4,2	4,1	8,6	172,0	263,3	65,3

Á fjárræktarbúinu Hesti voru lambhrútar búsin afkvæmaprófaðir með hefðbundum hætti. Tveir heiðurshrútar frá öðrum búum voru fengnir til prófunar. Það voru þeir Börkur 17-842 frá Kjalvararstöðum og Glóinn (áður Muninn) 18-845 frá Stóra-Vatnshorni. Almennt var útkoman á lömbunum góð og nokkrir áhugaverðir kandidatar fyrir stöðvarnar í hópnum. Börkur 17-842 stóð vel undir væntingum. Átti vænan hóp og frábærlega vel gerðan. Mikið af hrútsefnum var í hópnum. Þegar niðurstöður haustsins fyrir öll sláturlömb lágu fyrir var hann afgerandi hestur fyrir gerð sláturlamba á búinu. Glóinn átti því miður ansi fáa syni í líflambaskoðuninni, þar sem þeir voru of margir enn óheimtir þegar skoðunin fór fram og því var frammistaða hans í rannsókninni tæplega marktæk. Við val á honum var því ekki síður tekið tillit til árangurs hans á heimabúi bæði í ár og árið áður þar sem hann sýndi mikla yfirburði. Þá var horft til Fants 19-630 en hann á hér þann hóp sem er með hæsta gerðareinkunn úr afkvæmarannsókninni. Hinsvegar var enginn ásetningshrútur tekinn frá undan honum úr skoðuninni. Fantur er sonarsonur Glæpons 17-809 og FMF er Bósi 08-901. Austri 19-847 átti þann hóp sem var með þriðju hæstu gerðareinkunn samkvæmt kjötmati og góða útkomu að flestu leyti. Teknir voru frá tveir álitlegir ásetningshrútar undan honum úr skoðuninni. Þá var einnig horft til þess að Austri væri góður fulltrúi til að viðhalda gráa litnum. Niðurstaðan var því að þeir Börkur, Glóinn og Austri voru falaðir af sæðingastöðvunum úr þessari afkvæmarannsókn.

Álftavatn, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Aggi	16-325	Baggi	14-306	97,2	119,1	136,5	117,6	14,8	10,1	4,3	27,6	1,7	17,4	144,6
Askur	16-001	Kaldi	12-950	102,2	118,6	107,8	109,5	15,4	10,1	4,7	26,7	2,2	17,5	145,0
Grettir	16-449	Mávur	15-990	103,6	97,9	100,9	100,8	15,5	9,1	4,5	25,9	1,9	17,3	145,0
Geysir	19-336	Aggi	16-325	98,8	93,1	100,3	97,4	15,0	9,2	4,9	25,7	1,7	17,0	144,8
Gammur	17-504	Mávur	15-990	96,7	96,7	92,7	95,4	14,8	9,1	4,6	25,8	2,1	17,1	145,3
Spaði	18-334	Klettur	13-962	103,1	92,7	87,0	94,3	16,0	9,0	5,0	24,9	2,0	17,2	145,0
Gutti	18-330	Gutti	13-984	100,2	78,3	98,1	92,2	15,2	8,8	5,2	26,5	2,2	17,1	144,3
Svartur	17-328	Hamar	13-606	98,0	99,5	75,5	91,0	15,0	9,2	4,5	25,0	1,9	16,9	145,4
							Meðaltal	15,2	9,4	4,7	26,1	2,0	17,2	145,0

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Skoðun á lifandi lömbum fór fram 5. október og slátrun 7. október.

Aðkomuhrútar sem fengnir voru til prófunar á móti heimahrútunum voru Askur 16-001 frá Mávahlíð, Grettir 16-449 frá Tungu og Gammur 17-504 frá Gaul. Sá hrútur sem hæsta einkunn fær úr þessum samanburði er Aggi 16-325. Aggi hefur verið einn sterkasti gerðarhrúturinn síðustu ár á Álftavatni. Hann staðfestir það í þessari rannsókn, að á því sviði er hann öflugur og ekki síst athyglivert hvað afkvæmi hans ná mikilli vöðvafyllingu við lágan þunga. Í þessum samanburði er hann þó undir meðallagi í fallþunga og fitan lítil. Faðir þessa hrúts, Baggi 14-306, var sómahrútur og var í prófun á sínum tíma vegna sæðingastöðvanna. Askur 16-001 fær hér ljómandi góða útkomu. Hann skilar vel gerðum afkvæmum, vænleiki þeirra er yfir meðallagi og fitan um meðallag. Askur er svargolsubotnóttur. Faðir hans er Kaldi 12-950 frá Oddsstöðum og móðurfaðir Bekri 12-911 frá Hesti. Þennan hrút prýddu ýmsir kostir sem gerðu hann álitlegan sem stöðvahrút, en því miður var hann of skammlífur til þess að velta þyrfti vöngum yfir því. Aðrir hrútar í þessum samanburði láta ekki sérstaklega að sér kveða. Þeir hálfbræður undan Mávi 15-990, Grettir og Gammur, nutu sín hvorugir og má því ætla að afkvæmi þeirra þurfi meiri þroska til að kostir þeirra komi betur fram. Niðurstaðan var að enginn hrútur var falaður fyrir stöðvarnar úr þessari rannsókn.

Svarfhóll, Laxárdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	19-503		18-502	104,8	93,3	117,1	105,1	19,6	11,0	7,4	30,2	2,6	17,4	133,4
Prúður	18-518		16-501	98,6	106,0	108,9	104,5	18,7	10,8	6,6	29,6	3,1	17,7	139,8
Fannberg	19-512		18-502	90,5	103,2	105,9	99,9	16,7	9,7	5,9	28,8	2,9	17,8	139,9
	19-501		18-502	100,0	103,3	83,7	95,7	18,9	11,5	7,5	28,7	3,3	17,5	140,7
	19-506	Áll	18-504	104,9	93,0	81,3	93,1	19,5	11,2	7,6	29,1	3,5	17,3	143,4
							Meðaltal	18,9	10,9	7,0	29,4	3,1	17,5	139,6

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Aðalskoðanir á lömbum fóru fram 16. og 23. september og slátranir í kjölfarið. Samanburðurinn byggir eingöngu á kollóttum hrútum.

Á Svarfhóli var afkvæmarannsókn á kollóttum heimahrútum. Þeir hrútar sem birtast í meðfylgjandi uppgjöri eru aðeins lítið brot af þeim hrútum sem þjóna á Svarfhóli. Hér eru eingöngu kollóttir hrútar sem eru lítið eða ekkert af hyrndu fé komnir, en nokkur hluti af kollóttu hrútunum á búinu eru talsvert blandaðir. Þá eru hér eingöngu hrútar sem áttu 8 eða fleiri fullstigaða syni. Benda má á að annað uppgjör fyrir búið er til umfjöllunar um afkvæmarannsóknir hjá bændum. Það er gríðarstór samanburður þar sem flest allir hrútar búsins eru teknir til uppgjörs burtséð frá því hvort þeir séu af hyrndum eða kollóttum meiði og líflambahlutinn byggir á gimbradómum.

Þeir hrútar sem hér eru til skoðunar eiga allir væna og vel gerða afkvæmahópa, en vænleiki er almennt mjög góður á Svarfhóli. Enginn af þessum hrútum nær þó sérstökum hæðum í heildareinkunn. Efstur er 19-503 og eru það bakvöðvamælingarnar sem færa honum flest stigin. Faðir þessa hrúts, 18-502, er frá Broddanesi. Það er hrútur sem var stjarna búsins en er nú fallinn. Niðurstaðan var að enginn hrútur var falaður af stöðvunum að svo stöddu þar sem enginn rakinn kandidat kom fram m.t.t. niðurstaðana afkvæmarannsóknarinnar og kynbótamats hrútanna.

Heydalsá 1 (Ragnar og Sigríður), Steingrímsfirði

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Amor	19-145	Pútín	18-138	101,7	141,3	129,9	124,3	20,0	13,4	5,6	31,6	3,5	18,1	133,8
Lurkur	19-858	Kubbur	17-133	99,5	122,3	123,7	115,2	19,7	12,5	6,3	30,7	3,4	18,2	133,9
Spakur	19-101	Villi	17-135	99,2	108,8	116,5	108,1	19,6	11,8	6,3	31,2	3,5	17,9	139,3
Þristur	18-856	Moldvin	14-251	106,0	103,1	109,8	106,3	20,7	13,2	7,8	30,3	3,5	18,0	131,9
Púmbla	19-106	Glæsir	16-081	100,6	87,3	131,0	106,3	19,8	12,0	7,7	33,2	4,1	18,0	133,6
Fennir	19-857	Blíki	16-819	103,8	110,7	101,0	105,2	20,5	13,0	7,1	30,5	3,7	17,8	128,4
Úlfur	19-146	Pútín	18-138	101,4	96,7	115,1	104,4	19,9	11,7	6,8	31,2	3,5	17,8	132,4
Kubbur	17-133	Stapi	15-176	103,2	110,4	90,4	101,4	20,1	12,4	6,8	29,8	3,8	17,8	132,4
Pútín	18-138	Sveinn	17-124	99,1	101,8	95,7	98,9	19,6	11,5	6,4	30,1	3,7	17,8	133,0
Kitti	17-122	Börkur	15-077	94,5	106,0	89,6	96,7	18,6	11,4	6,1	28,6	3,1	17,7	131,9
Helgi	19-107	Blíki	16-819	97,5	95,7	93,8	95,6	19,4	11,2	6,4	29,8	3,7	17,7	133,6
Grábiti	19-149	Ebiti	13-971	97,8	91,7	95,5	95,0	19,3	10,7	6,3	30,8	4,1	17,9	131,4
Biti	17-050	Ebiti	13-971	105,6	96,6	81,4	94,5	20,4	11,8	6,8	29,8	3,8	17,8	132,1
Villi	17-135	Töfri	16-278	94,5	90,5	96,0	93,7	18,9	11,5	7,2	29,8	3,5	17,8	132,8
Moldi	17-134	Móri	13-982	95,4	88,3	81,9	88,5	19,0	11,5	7,3	29,6	3,9	17,6	128,3
Bassi	19-108	Fálki	17-821	97,0	81,4	82,9	87,1	19,3	11,8	7,9	29,1	3,7	17,8	131,2
Trömp	18-137	Sveinn	17-124	101,7	79,5	75,2	85,5	19,9	11,3	7,3	29,5	3,9	17,5	136,0
							Meðaltal	19,7	11,9	6,9	30,3	3,7	17,8	132,9

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Lambaskoðun fór fram 22. september en kjötmatsniðurstöður byggja á slátrunum frá 24. september og 9. október.

Á Heydalsá voru margir stórglæsilegir afkvæmahópar en að jafnaði var vænleiki lambanna ákaflega góður og holdfyllingin mikil. Tveir aðkomuhrútar voru hér til prófunar. Það var Biti 17-050 frá Árbæ og Þristur 18-856 frá Stað í Steingrímsfirði. Einn hrútur sló alveg í gegn í þessari rannsókn en það var Amor 19-145. Hann átti besta afkvæmahópinn bæði samkvæmt skoðun á lifandi lömbum og var með langhæsta einkunn

fyrir gerð sláturlamba, 13,4. Einnig stóð hann efstur í gimbraskoðuninni. En þessum snillingi entist því miður ekki aldur til frekari afreka. Amor var undan Pútín 18-138, sem var sonur Sveins 17-124 Ebitasonar. Sveinn var í afkvæmaprófun fyrir stöðvarnar á síðasta ári.

Sá sem næstur kemur í röðinni er einnig með ákaflega góðar niðurstöður og stiguðust synir hans hærra en synir hinna hrútanna fyrir lærahold. Það er Lurkur 19-858 sonur Kubbs 17-133 frá Melum. Næsti hrútur sem vekur hér athygli er Þristur 18-856. Hann átti marga þroskamikla og fallega syni og skilaði jafnframt feyki háu gerðarmati í sláturhúsi. Púmba 19-106 er hrútur sem gaf verulega góð fyrirheit í lífskoðunarhlutanum, þar sem hann skilaði bæði miklum bak- og læraholdum. Fitan dregur hann síðan talsvert niður í kjötmatshlutanum. Þessi hrútur er fæddur í Broddanesi 1. Þá er röðin komin að Fenni 19-857. Fenni fékk flotta útkomu á flestan hátt. Hann skilar frábæru gerðarmati hjá sláturlömbum og átti mörg góð lömb í lífskoðuninni, sérstaklega í gimbraskoðuninni en dætur hans voru með þeim hæstu m.t.t. lærastiga. Úr þessari rannsókn fóluðu stöðvarnar þá Þrist, Lurk og Fenni.

Efri-Fitjar, Fitjárdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Viðar	17-844	Viðir	15-303	99,5	116,0	115,4	110,3	19,8	13,2	7,2	32,3	2,5	18,0	121,8
Skýr	16-663	Salamon	10-906	97,5	103,9	128,6	110,0	19,5	12,4	7,0	33,2	2,7	18,0	127,6
Goði	19-666	Skýr	16-663	102,7	110,1	113,4	108,7	20,3	12,5	6,5	32,4	2,2	17,8	122,4
Glitnir	19-848	Baukur	15-018	106,0	111,4	103,1	106,8	20,7	13,0	6,9	31,3	2,4	18,1	124,9
Haffi	18-167	Nelson	17-131	96,0	113,7	108,0	105,9	19,2	12,4	6,4	31,8	2,5	17,8	119,2
Ýmir	18-661	Drangi	15-989	95,7	102,5	113,3	103,8	19,2	11,6	6,4	32,1	2,2	17,8	122,8
Skarfur	18-672	Mávur	15-990	108,8	102,1	86,1	99,0	20,6	11,9	6,5	31,4	2,6	17,7	125,4
Bekri	18-015	Baukur	15-018	94,3	92,7	92,9	93,3	19,2	12,2	7,4	32,0	3,0	17,7	124,8
Steðji	19-661	Klettur	13-962	98,6	76,2	85,4	86,7	19,5	11,0	7,6	31,4	2,8	17,4	125,6
Staur	19-662	Klettur	13-962	94,4	83,8	77,2	85,2	18,4	11,5	8,0	29,5	2,7	17,8	121,8
Samherji	19-670	Stapi	17-224	102,0	81,6	70,2	84,6	20,1	11,7	7,3	31,2	3,0	17,4	124,2
							Meðaltal	19,8	12,2	6,9	31,9	2,6	17,8	124,0

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Skoðun á lömbum fór fram 10. og 24. september og slátranir 11. og 25. september.

Á Efri-Fitjum voru lömb í haust frábær og liggja meðaltöl fyrir gerð sláturlamba í afkvæmarannsóknum hvergi hærra og vænleikinn er mikill, ekki síst m.t.t. aldurs lambanna. Aðkomuhrútar í þessari rannsókn voru þeir Viðar 17-844 frá Bergsstöðum, Haffi 18-167 frá Mýrum 2 og Bekri 18-015 frá Syðri-Urriðaá. Efstur á blaði samkvæmt þeim niðurstöðum sem hér eru lagðar til grundvallar er Viðar 17-844. Afkvæmi Viðars reyndust ákaflega þéttvaxin og holdfyllt. Synir hans voru lágfættari með þykkari bakvöðva og betri lærahold en synir annarra hrúta að jafnaði. Enginn afkvæmahópur fór jafn hátt í einkunn fyrir gerð sláturlamba. Í uppgjöri sem birt er undir afkvæmarannsóknir bænda, þar sem sláturniðurstöður byggja á öllum sláturlömbum haustsins heldur Viðar þessari stöðu. Annar á listanum er gamall höfðingi, Skýr 16-663. Skýr hefur verið einn af bestu lambafeðrum búsinis á síðustu árum. Hann fær hér mjög góðar niðurstöður og á þann afkvæmahóp sem skartar þykkasta bakvöðvanum. Goði 19-666, sonur Skýrs, fær

hér áþekkar niðurstöður og faðir sinn en Goði er sterkari gagnvart fitunni. Þá kemur Glitnir 19-848. Glitnir átti mjög þroskamikinn hóp. Synir hans voru býsna jafnir að gerð og eru þeir að meðaltali efstir samkvæmt lærastigum og næst efstir samkvæmt gerðareinkunn fyrir sláturlömb. Þeir Viðar og Glitnir voru falaðir fyrir sæðingastöðvarnar að lokinni afkvæmarannsókn.

Syðri-Hofdalir, Skagafirði

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ferill	18-501	Gulli	16-104	108,0	119,7	113,4	113,7	18,2	10,7	6,8	28,6	2,6	17,7	136,4
1242 UNGI	18-530	Mávur	15-990	98,8	121,9	119,8	113,5	17,3	9,5	5,5	28,4	2,1	17,4	135,0
Teddi	17-523	Tumi	13-536	101,8	117,9	120,1	113,2	17,5	9,8	6,0	28,8	2,3	17,4	134,5
Girnir	17-658	Rassmus	14-651	100,1	108,2	109,9	106,1	17,4	9,5	6,0	28,5	2,6	17,5	130,8
249 Glettir	19-530	Drjúgur	17-808	94,7	94,3	97,3	95,5	16,9	8,7	5,8	27,8	2,6	17,4	129,6
Deli	19-528	Amor	17-831	100,3	94,3	83,0	92,5	17,4	9,6	6,7	27,7	2,8	17,1	131,1
31 Púmba	19-529	Tímon	17-531	104,1	70,0	77,3	83,8	17,7	9,2	7,3	27,4	2,8	17,4	133,7
Rutti	17-771	Kubbur	16-996	92,4	77,1	82,0	83,8	16,7	8,8	6,6	27,0	2,5	17,2	129,1
							Meðaltal	17,4	9,4	6,3	28,0	2,5	17,4	132,5

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Skoðun á lifandi lömbum fór fram 7. og 15. september og slátranir í kjölfarið.

Aðkomuhrútar í þessari afkvæmarannsókn voru Ferill 18-501 frá Skriðu, Girnir 17-658 frá Stóru-Ökrum, Rutti 17-771 frá Hríshóli og Teddi 17-523 frá Ytri-Hofdölum. Sá hrútur sem sterkastur var gagnvart gerðinni í þessari afkvæmarannsókn var Ferill 18-501, en hann var kynfastur fyrir góðum læraholdum. Eitthvað voru afkvæmi hans misjöfn að þroska og skilaði sér lægra hlutfall af hans afkvæmum inn í líflambaskoðunina. Ferill er dóttursonur Danna 12-923 frá Sveinungsvík og þá rekur hann ættir til Birkis 10-893 frá Bjarnastöðum í föðurætt. Teddi 17-523 átti prýðilega gerðan lambahóp, en skar sig þó ekki frá meðaltalinu með afgerandi hætti. Hann átti þó glæsilegasta hrútlambið í hjörðinni. Girnir 17-658 átti nokkra ágæta syni sem valdir voru til ásetnings, en að jafnaði var útkoman í hans hrútahópi í rétt rúmu meðallagi. Hans styrkleiki kom að hluta fram í því að lömbin undan honum virtust heilt yfir ná mjög góðum þroska og voru skoðuð á fæti 84% afkvæma hans sem skráð voru á lífi um vorið og er það mun hærra hlutfall en aðrir hrútar náðu. Þá voru einnig mun fleiri lömb tekin frá undan honum til lífs en öðrum hrútum og hefur það væntanlega komið niður á gerðarmati afkvæmanna í sláturhúsi. Girnir var móbotnóttur að lit og hefði verið mjög álitlegur fulltrúi móbotnótta litarins á sæðingastöðvunum. Allir möguleikar til að taka hrút úr þessari afkvæmarannsókn inn á sæðingastöð runnu út í sandinn í kjölfar þess að riða greindist á heimabúi Girnis og síðar í honum sjálfum. Þar með hefur Tröllaskagahólfið lokast til hrútavals fyrir sæðingastöðvarnar í bili.

Ytra-Áland, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Snar	18-846	Skúli	17-781	104,3	110,2	110,9	108,5	18,9	10,7	8,1	29,7	3,3	17,8	136,2
Lostaliður	19-375	Amor	17-831	104,7	101,0	101,4	102,4	19,0	9,9	7,7	28,6	2,5	17,3	133,4
Bikar	17-311	Tinni	15-968	96,6	102,5	105,6	101,6	18,1	9,7	7,5	28,7	2,7	17,5	134,1
Vogur	19-371	Undanvillingu	17-372	103,8	79,0	103,6	95,5	19,0	9,1	8,1	28,9	2,8	17,6	131,4
Spítti	16-205	Svimi	14-956	93,1	98,8	94,5	95,4	17,8	9,2	7,2	28,4	2,8	17,3	133,8
Bergbúi	18-380	Tröllli	16-530	99,9	104,9	81,2	95,4	18,4	10,5	8,2	27,7	3,2	17,6	135,5
							Meðaltal	18,5	9,8	7,7	28,7	2,9	17,5	134,2

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Skoðun á lifandi lömbum fór fram 24. september og slátrun 28. september.

Á Ytra-Álandi voru tveir aðkomuhrútar í prófun. Það voru þeir Snar 18-846 frá Leifsstöðum og Bikar 17-311 frá Holti. Í meðfylgjandi töflu eru niðurstöður fyrir þá hrúta sem áttu nægilegan fjölda af lambhrútum í ómskoðuninni. Í umfjöllun um afkvæmarannsóknir bænda er birt annað uppgjör fyrir búið þar sem fleiri hrútar ná inn, en þar er byggt á gimbraskoðuninni og öllum sláturmiðurstöðum.

Sigurvegari í þessari afkvæmarannsókn var Snar. Hann átti afgerandi best gerða sláturlambahópin og lang mest úrval af ásetningshrútum var að finna í hans afkvæmahópi. Helsti veikleikinn í niðurstöðum Snars er að lömbin eru heldur feitlagin og því ljóst að þetta er ekki hrútur sem er líklegur til að passa í hjarðir þar sem offita er vandamál. Af öðrum hrútum var það aðeins Bergbúi sem nálgast Snar m.t.t. gerðareinkunnar hjá sláturlömbum. Lambahópur Bergbúa fellur hinsvegar á því að hann er líka að gefa heldur feitara en aðrir og bakvöðvinn er áberandi minnstur hjá afkvæmum hans og kom það líka fram í gimbraskoðuninni. Bergbúi er fæddur á Snartarstöðum í Öxarfirði og er sonarsonur Bekra 12-911 frá Hesti. Bikar 17-311 lét lítið að sér kveða í þessum samanburði en afkvæmi hans reyndust ekki mjög þroskamikil. Bikar er sonur Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum. Niðurstaðan var að Snar 18-846 var valinn til þjónustu fyrir stöðvarnar.

Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kostur	19-849	Munkur	18-625	101,4	134,7	119,8	118,6	17,8	12,1	6,4	30,7	2,9	17,7	142,5
Bjarmi	19-641	Munkur	18-625	102,8	103,7	124,4	110,3	18,1	10,8	6,4	30,6	2,4	17,6	137,0
Vinur	19-642	Stakkur	18-621	103,6	92,4	120,7	105,6	18,2	10,0	6,3	30,4	2,6	17,7	146,7
Glaður	19-644	Tvistur	14-988	98,0	111,5	103,4	104,3	17,5	10,5	5,7	29,3	2,5	17,5	143,7
Stúfur	19-645	Drjúgur	17-808	103,5	96,7	97,6	99,2	18,1	10,6	6,6	29,0	2,5	17,8	142,1
Naggur	19-643	Gæskur	18-624	99,0	111,8	81,3	97,4	17,6	10,3	5,5	28,4	2,4	17,3	141,1
Askur	19-646	Náli	15-806	97,4	76,0	77,1	83,5	17,5	9,4	6,0	29,0	2,8	17,3	141,7
Spakur	17-592	Þröstur	16-566	94,8	72,1	83,3	83,4	17,0	9,2	6,3	28,8	2,8	17,3	142,5
							Meðaltal	17,7	10,4	6,1	29,5	2,6	17,5	142,2

Forsendur: Niðurstöður sem hér eru birtar, bæði fyrir skoðun á lifandi lömbum og kjötmat, byggja eingöngu á lambhrútum sem eru gengnir tvílembingar. Skoðun fór fram 28. september en slátrun 30. september.

Á Ytri-Skógum var líkt og verið hefur um langt skeið framkvæmd vönduð afkvæmarannsókn á lambhrútum búans. Að þessu sinni var einn eldri hrútur með, Spakur 17-592 frá Raufarfelli. Hér var að finna marga góða hópa en Spakur gamli hafði lítið að segja í ungu hrútana. Einn hrútur var hér afgerandi sigurvegari með glæsibrag. Það er hann Kostur 19-849 og var hann falaður fyrir stöðvarnar. Sá hrútur sem næst komst Kosti var hálfbróðir hans Bjarmi 19-641 og því greinilegt að Munkur 18-625 hefur verið sterkur kynbótahrútur og raðar sonum sínum hér í tvö efstu sætin. Sjálfur var Munkur afgerandi efstur í afkvæmarannsókn búans á síðsta ári. Munkur er kominn út af Burkna 13-951 (FFF) og Jóker 12-924 (MFF).